

42. gr.

1. Er reglugerð þessi hefur verið sett skal stofna samstarfsnefnd á vegum framkvæmdastjórnarinnar. Hlutverk hennar skal vera:

- a) að greiða fyrir framkvæmd reglugerðar þessarar með reglulegu samráði þar sem sérstaklega skal fjallað um vandamál sem koma upp í tengslum við framkvæmdina, sbr. þó ákvæði 169. og 170. gr. sáttmálans;
- b) að ráðleggja framkvæmdastjórninni um viðauka við eða breytingar á reglugerð þessari ef nauðsyn krefur.

2. Samstarfsnefndin skal skipuð fulltrúum aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar.

Formaður skal vera fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnin sér fyrir skrifstofuþjónustu.

3. Formaður kallar nefndina saman, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að ósk einhvers nefndarmanns.

43. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópu-bandalagsins*.

Hún skal koma til framkvæmda hinn 1. júlí 1989, að undanskildum 39., 41. og 42. gr. sem koma til framkvæmda við gildistöku hennar.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

31. desember 1994

Nr. 160

LÖG

**um breyting á lögum nr. 30/1966,
um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 5. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Til að standa straum af kostnaði við heilbrigðiseftirlit dýralækna með sláturafurðum skal landbúnaðarráðherra innheimta gjald af öllu innvegnu kjöti í afurðastöð sem rennur í sérstakan sjóð í vörslu landbúnaðarráðuneytisins. Eftirlitsgjaldið miðast við raunkostnað en má þó ekki vera hærra en 2,50 kr. á hvert kíló kjöts miðað við vísitölu framfærslukostnaðar í janúar 1995. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gjaldskyldu, innheimtu, gjald-daga, lögvernd og annað er lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.